

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

875. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 6. júlí 2015 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Afgreiðslur:

- 1. Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs.** Formaður kynnti. Fundargerð 253. fundar frá 2. júlí sl. Fundargerð í 9 liðum.
 1. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum.
 2. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum.
 3. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum.
 5. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum.
 6. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum.
 7. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum.
 8. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum.Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.
- 2. Fundargerð félagsmálaráðs.** Formaður kynnti Fundargerð 161. fundar frá 24. júní sl. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.
- 3. Rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs** mætir á fundinn. Farið yfir helstu verkefni sem verið er að vinna við. Framkvæmdir við lagningu hitaveitu í dreifbýli er á áætlun, lögnin komin um 300 m. suður fyrir Urriðaá. Plæging plastlagnar er ekki komin af stað. Önnur hefðbundin sumarstörf.
- 4. 1203058 Samningur um sorphirðu.** Rætt um stöðu mála varðandi sorphirðusamning.
- 5. 1504082 Lögð fram niðurstaða vinnuhóps um skipulag á svæðinu frá íþróttahúsi að leikskóla.** Byggðarráð þakkar vinnuhópnum fyrir vandaðar tillögur og að skila tillögum innan settra tímamarka. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að fá kostnaðargreiningu á framlögðum tillögum.
- 6. 1506060 Námsvist.** Lögð fram umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags. Fyrir liggur jákvæð umsögn sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Byggðarráð samþykkir beiðnina.

7. **1504042 Lagt fram tölvubréf frá Jarðlist ehf.** þar sem fyrirtækið segir sig frá tilboði í skólaakstur á leiðum 1 og 2. Næstlægstu tilboð í þessar leiðir voru frá Guðmundi Waage og Jóhanni Ragnarssyni. Jóhann segir sig frá tilboði sínu. Byggðarráð samþykkir fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Guðmund Waage um þessar leiðir á grundvelli tilboðs hans.
8. **Skólabifreið.** Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra setja í sölu bifreiðina SH-777 sem notuð hefur verið sem skólabifreið undanfarin ár.
9. **1506101 Lagt fram til kynningar bréf Þjóðskrár** um hækkun fasteignamats í Húnaþingi vestra fyrir árið 2016. Fasteignamat hækkar að meðaltali um 1,9% og lóðamat um 3,5%
10. **Ráðning forstöðumanns safna.** Guðrún Ragnarsdóttir víkur af fundi undir þessum lið. Tvær umsóknir bárust. Sveitarstjóri leggur til að Sólveig Benjamínsdóttir verði ráðin. Byggðarráð samþykkir ráðninguna.
11. **Ráðning starfsmanns áhaldahúss.** Fimm umsóknir bárust um starfið. Sveitarstjóri tilkynnti að Sigurður Guðbjörnsson hefði verið ráðinn til starfa við áhaldahús sveitarfélagsins.

Samþykkt að taka á dagskrá

12. **1506001 Lagt fram til kynningar bréf Kærunefndar útboðsmála,** þar sem fram kemur að aflétt er stöðvun samningsgerðar Húnaþings vestra við Ágúst Þorbjörnsson um leið 7, Vatnsnes, á grundvelli útboðs vegna skólaaksturs fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra skólaárin 2015/2016 til og með 2018/2019.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl.16:52

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Guðný Hrunn Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir